



Aganefnd HSÍ | Úrskurður 2.2. '21

Úrskurður aganefndar 2. febrúar 2021

Eftirtalin mál lágu fyrir og var tekið til úrskurðar:

1. Þrándur Gíslason Roth leikmaður UMFA hlaut útilokun með skýrslu vegna grófs leikbrots í leik KA og UMFA í Olís deild karla þann 30.1.2021. Dómarar meta að brotið falli undir reglu 8:6 a). Með tilvísun í 10. gr. reglugerðar HSÍ um agamál er það niðurstaða aganefndar að leikmaðurinn er úrskurðaður í eins leiks bann. Aganefnd vekur jafnframt athygli á stighækkandi áhrifum leikbanna, skv. 1. mgr. 11. gr. sömu reglugerðar.
2. Jónína Hlín Hansdóttir leikmaður Fram hlaut útilokun með skýrslu vegna grófs leikbrots í leik KA/Þór og Fram í Olísdeild kvenna þann 1.2.2021. Dómarar meta að brotið falli undir reglu 8:5 b). Með tilvísun í 10. grein reglugerðar HSÍ um agamál er það niðurstaða aganefndar að ekki skuli aðhafst frekar vegna málsins en vakin er þó athygli á stighækkandi áhrifum útlökana vegna slíkra brota, skv. 2. mgr. 11. sömu reglugerðar.
3. Eypór Vestmann leikmaður ÍR hlaut útilokun með skýrslu vegna grófs leikbrots í leik Gróttu og ÍR í Olísdeild karla þann 1.2.2021. Dómarar meta að brotið falli undir reglu 8:5 a). Með tilvísun í 10. grein reglugerðar HSÍ um agamál er það niðurstaða aganefndar að ekki skuli aðhafst frekar vegna málsins en vakin er þó athygli á stighækkandi áhrifum útlökana vegna slíkra brota, skv. 2. mgr. 11. sömu reglugerðar.
4. Í skýrslu dómara eftir leik KA/Þórs og HK í Olís deild kvenna þann 19.1.2021. kemur fram að gæslumaður leiks hafi haft uppi hávæer mótmæli gagnvart dómurum leiks sem hafi haft þær afleiðingar að umræddum aðila hafi verið vísað úr húsi. Í samræmi við 4. mgr. 17. gr. reglugerðar HSÍ um agamál var KA/Þór gefinn kostur á að skila inn umsögn vegna málsins. Samkvæmt 17. gr. fyrrnefndrar reglugerðar er aganefnd heimilt að sekta félög ef áhorfendur, þar með taldir forystumenn félaga, gerast sekir um vítaverða eða hættulega framkomu gagnvart m.a. dómurum leiks. Þegar litið er til atvika þessa máls í heild sinni er að mati aganefndar ekki unnt að telja umrædda háttsemi, þ.e. að hafa uppi mótmæli gagnvart dómurum leiksins, vítaverða eða hættulega, þó óheppilegt verði að telja að gæslumenn liða séu að hafa skoðun á störfum dómara leiksins. Þegar af þeirri ástæðu er að mati nefndarinnar ekki tilefni til að láta félagið sæta viðurlögum í þessu máli en lögð á það áhersla að félagið brýni fyrir gæslumönnum hlutverk sitt á leikjum félagsins.

Fleiri mál lágu ekki fyrir.

Úrskurðinn kváðu upp Sverrir Pálmason, Arnar Kormákur Friðriksson og Arnar Þór Sæþórsson.

Samstarfsaðilar Handknattleikssambands Íslands

